SAMÞYKT

71
26. ágúst

fyrir

girðingarfjelag jarðanna Stafholts, Svarfhóls, Melkots og Flóðatanga í Stafholtstungnahreppi.

Hreppsnefndin í Stafholtstungnahreppi hefir samkvæmt girðingalögum nr. 66, 22. nóv. 1913, gjört eftirfarandi samþykt fyrir girðingarfjelag jarðanna Stafholts, Svarfhóls, Melkots og Flóðatanga þar í hreppnum:

1. gr.

Fjelagið ákveður að byggja *aðalgirðingu* fjárhelda fyrir framan hið sameiginlega og óskifta beitiland þessara jarða á landamerkjum sameiginlega landsins og Hofstaðalands, milli Hvítár og Norðurár, *og girðingu,* er ver tún og engjar allra jarðanna, úr enda aðalgirðingarinnar nálægt Norðurá í efri enda Stafholtsvatns og úr Stafholtsvatni neðst í Bíldshamra við Hvítá.

2. gr.

Ábúendur allra jarðanna og heimilismenn þeirra bera kostnað af *aðalgirðingunni,* vöxtum og afborgunum af láni, sem fjelagið ætlar að taka til byggingar girðingarinnar, sbr. 9. gr., og árlegu viðhaldi hennar í hlutfalli við sauðfjáreign hvers um sig á fóðri hjá honum hvern vetur. Kostnaðinn við *tún- og engjagirðinguna* bera hinir sömu í hlutfalli við alla búfjáreign sína, þannig að hver stórgripur veturgamall og eldri ber fimmfalt gjald við eina sauðkind.

3. gr.

Fjelagið kýs til eins árs formann og varaformann.

4. gr.

Formaður boðar til funda þegar með þarf, að minsta kosti einu sinni á ári. Semur hann árlega niðurjöfnun um kostnað við girðingarnar það ár og innheimtir gjald hvers um sig svo snemma, að greiðsla fari fram á rjettum gjalddaga á vöxtum, afborgunum og endurbótum.

5. gr.

Formaður gjörir reikning fyrir öllum útgjöldum fjelagsins hvert fardagaár, hið fyrsta eftir fardaga. Niðurjöfnun og reikning má hvort heldur

71 er láta ganga á milli fjelagsmanna eða leggja þá fram á fundi. Varaformaður
26 ágúst endurskoðar hvorttveggja.

6. gr.

Formaður heldur bók, er hann ritar í niðurjöfnun og reikninga og fundargjörðir.

7. gr.

Hver fjelagsmaður er verður þess var, að girðingarnar þurfi aðgerðar við, tilkynni það formanni og skal hann hið allra fyrsta láta endurbæta girðinguna.

8. gr.

Fjelagsmönnum skal ávalt gefinn kostur á að vinna að endurbótum við girðinguna fyrir tillagi sínu. Gjald fyrir efni er jafnað niður til peningagjalds.

9. gr.

Fjelagið kaupir í upphafi í heild girðingarbúta þá, er einstakir fjelagsmenn hafa þegar gjört, eftir samkomulagi. Kaupverðið telst til byggingarkostnaðar girðingarinnar.

Samþykt þessi er hjermeð staðfest til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 26. ágúst 1925.

Magnús Guðmundsson.

Oddur Hermannsson.